

**Þriðjudaginn 16. janúar 1945.**

**Nr. 13/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils vegna Jenna Jónssonar**  
(Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn

**Steindóri Einarssyni f. h. Kristjáns Steindórssonar** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað  
Ragnars Ólafssonar.

Mál út af orlofsfé.

### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 18. sept. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. bifreiðastjórafélagsins Hreyfils vegna Jenna Jónssonar gegn Steindóri Einarssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Kristjáns Steindórssonar, til greiðslu á orlofsfé fyrir tímabilið frá og með 24. maí 1943 til 1. apríl 1944, að upphæð kr. 480.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 18. sept. 1944 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins. Með framhaldsstefnu 9. okt. f. á. hefur stefnandi hækkað dómkröfu sína um kr. 66.85, og nemur þá orlofsfjárkrafa hans fyrir greint tímabil alls kr. 546.85.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að í marzmánuði 1943 réðist Jenni Jónsson til stefnda sem bifreiðarstjóri, til að aka bifreið hans. Segist hann hafa verið ráðinn með þeim kjörum, að hann fengi 30% af brúttó akstursgjöldum bifreiðarinnar. Hafi hann frá upphafi ráðningartímans fengið kaup samkvæmt því, en eigi ófengið orlofsfé samkvæmt orlofslögunum. Aðiljar eru sam-

mála um það, að Jenni hafi fengið greidd mánaðarlega 30% af brúttó akstursgjöldum, en stefndi telur orlofsfé falið í því, og er ekki véfengt í máli þessu af hans hálfu, að Jenni hafi átt rétt til orlofsfjár. Hann bar úr býtum á tímabilinu frá 24. maí 1943 til 1. apríl 1944 kr. 13671.22, en eins og áður segir er orlofsfjárfkrafa hans miðuð við það tímabil. Krefst hann 4% í orlofsfé af þeirri upphæð.

Í aðalstefnu málsins er talið, að Jenni hafi átt að fá 25% af brúttó akstursgjöldum og hafi tekjur hans framangreint tímabil numið ca. 12 þús. krónum. Var upphaflega stefnt til greiðslu á 4% af þeirri upphæð, kr. 480.00. En er stefndi hafði tekið til andsvara kom í ljós, að tekjur Jenna á þessu tímabili höfðu numið hærri upphæð, eða kr. 13671.22, og krafði stefnandi þá með framhaldsstefnu um orlofsfé af kr. 1671.22.

Stefndi byggir sýknukröfu sína m. a. á því, að Jenni hafi fengið greitt allt það orlofsfé, sem honum bar. Hann hafi verið ráðinn með þeim kjörum, að hann fengi 25% af brúttó akstursgjöldum, en auk þess skyldi hann fá í orlofsfé 5% af sömu fjárhæð, eða alls 30% af akstursgjöldum, svo sem hann hafi fengið. Kveður stefndi sig hafa tekið upp þetta fyrirkomulag um greiðslu orlofsfjár í stað þess að greiða með orlofsmerkjum, þar sem þetta hafi kostað minni fyrirhöfn, enda þótt hann með þessu móti greiddi hærra orlofsfé en lögskytt var. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi viðurkennt þetta með kröfugerð sinni, þar sem sagt sé í stefnu, að Jenni hafi átt að fá 25% af akstursgjöldum.

Stefndi hefur lagt fram kvittanir þær, er Jenni gaf mánaðarlega fyrir kaup sínu. Kvittar hann þar fyrir kaup í ásamt afnotum af húsnæði, er hann naut hjá stefnda. Endar hver kvittun svo: „Fullnaðargreiðsla fyrir þann mánuð, sem hér með kvittast fyrir.“ Telur stefndi, að með þessum kvittunum hafi Jenni firrt sig öllum rétti til þess að koma fram með frekari kröfur á hendur sér, því í þeim felist einnig viðurkenning þess, að fullnægt hafi verið skyldum stefnda um greiðslu orlofsfjár. Krefst hann einnig sýknu á þessum grundvelli.

Stefnandi, Jenni Jónsson, hefur komið hér fyrir dóm og staðfest þá skýrslu sína, að ráðningarkjör hans hafi verið svo sem að framan er greint. Kveðst hann hafa átt tal við bróður stefnda, sem annaðist stjórn á bifreiðastöð föður þeirra, en þaðan gekk bifreið sú, er Jenni ók. Kveður hann hafa verið

svo um samið, að hann fengi í kaup 30% af akstursgjöldum. Hann staðhæfir, að ekki hafi verið minnst á orlofsfé, enda hafi ráðningin farið fram ca. 2 mánuðum áður en orlofslögin gengu í gildi. Jafnframt skýrði hann frá því, að hann hefði haustið 1943 fengið sér orlofsbók og krafið þennan sama mann um orlofsfé, en hann þá svarað því, að það yrði ekki greitt, án þess að úrskurður gengi um það.

Því er eindregið mótmælt af hálfu stefnanda, að í kröfugerð hans og greinargerð í stefnu verði talin felast nokkur viðurkenning þess, að Jenni hafi verið ráðinn með þeim kjörum, er stefndi heldur fram. Hefur málflytjandi stefnanda, sem er hæstaréttarlögmaður, gert þá grein fyrir kröfugerð sinni í máli þessu, að það hafi í upphafi verið höfðað að tilhlutan formanns stéttarfélagis Jenna, til þess að fá úr því skorið, hvort bifreiðarstjórar, sem ráðnir væru með sama hætti og Jenni, ættu rétt til orlofsfjár, en því hafði stefndi, að sögn formannsins, sí og æ neitað. Hefði krafa Jenna verið valin, en þar sem hann var þá fjarverandi hefði ekki verið vitað, hve háan hundraðshluta hann hefði átt að fá. Hins vegar hefði formaðurinn tjáð sér að kaup bifreiðarstjóra væri 25—35% af brúttó akstursgjöldum, og væri því rétt að miða við lægsta hundraðshlutann og áætla tekjurnar ca. 12 þúsund krónur. Síðan kveðst hæstaréttarlögmaðurinn hafa átt tal við lögráðamann stefnda, sem ekki hafi gert athugasemdir við þennan málátilbúnað. Hafi hann ekki getað skilið lögráðamanninn öðru vísi en svo, að hann viðurkenndi ekki skyldu sína til að greiða orlofsfé. Hins vegar kveðst hæstaréttarlögmaðurinn hafa, er hin rétta fjárhæð kaupsins kom í ljós og Jenni hafði gefið honum upplýsingar um, hversu háan hundraðshluta hann hafi átt að fá. leiðrétt kröfugerðina til samræmis við það sem rétt var.

Til stuðnings skýrslu sinni um það, með hvaða kaupum Jenni hafi verið ráðinn, hefur stefnandi bent á það, að engin breyting hafi orðið á kaupum hans er orlofslögin gengu í gildi, en ólíklegt, að honum hafi verið greitt orlofsfé í tvo mánuði, áður en orlofslögin gengu í gildi. Þá neitar hann því og eindregið, að Jenni hafi með hinum mánaðarlegu kvittunum sínum firt sig rétti til þess að krefjast nú orlofsfjár. Orlofsfé skuli greiða með sérstökum hætti, þ. e. orlofsmerkjum. Þetta hafi ekki verið gert. Auk þess sé afsal á orlofsrétti óheimilt og hafi Jenni því ekki getað svipt sig slíkum rétti með fullnaðarkvittunum sínum.

Málflytjandi stefnanda hefur gert þá grein fyrir kröfugerð sinni og málatilbúnaði, að ekki verður talið að í þeim felist viðurkenning þess, að um kaup Jenna hafi verið samið á þann veg, er stefndi heldur fram. Hins vegar hefur Jenni, svo sem að framan er greint, staðfest skýrslu sína hér fyrir dómi. Hefur stefndi að visu mótmælt henni. En þrátt fyrir ábending dómsins, og þó itrekaður frestur væri veittur til þess að leiða sem vitni mann þann, er við Jenna samdi í marz 1943 og að sögn hans (Jenna) neitaði honum um orlofsfé haustið eftir, kom hann aldrei fyrir dóm til þess að tjá sig um þessi atriði. Svo sem áður er greint fékk Jenni 30% af akstursgjöldum frá upphafi ráðningartíma síns og varð engin breyting á því, er orlofslögin gengu í gildi. Þykir sú staðhæfing stefnda ósennileg, að samið hafi verið um það í upphafi, að greiðsla orlofsfjár skyldi hefjast allöngu fyrir gildistöku orlofslaganna og að orlofsféð skyldi vera 5% af brúttó akstursgjöldum bifreiðarinnar, eða margfalt herra en lögin mæla fyrir um. Að framangreindu athuguðu, þykir það nægilega í ljós leitt, að Jenni hafi verið ráðinn með þeim kjörum, sem hann heldur fram, og að orlofsfé hafi þá ekki verið falið í þeim kaupgreiðslum, sem hann fékk.

Samkvæmt orlofslögum nr. 16 frá 1943 ber að greiða orlofsfé með orlofsmerkjum. Stefndi, sem játað hefur í máli þessu, að Jenna beri réttur til orlofsfjár, hefur viðurkennt að hafa ekki innt það af höndum með þeim hætti, sem nefnd lög mæla fyrir um. Hann hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi greitt það á annan hátt og getur hann því ekki að þessu leyti borið fyrir sig framannefndar fullnaðarkvittanir Jenna, sbr. og 2. mgr. 2. gr. orlofslaganna, sem kveður svo á, að samningar um takmarkanir á orlofsrétti séu ógildir.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina og dæma stefnda til þess að greiða honum orlofsfé, 4% af kr. 13671.22 fyrir tímabilið frá og með 24. maí 1943 til 1. apríl 1944, alls kr. 546.85 ásamt vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 200 krónur í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson f. h. Kristjáns Steindórs-sonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h.

bifreiðastjórafélagsins Hreyfils vegna Jenna Jónssonar, orlofsfé, kr. 546.85 ásamt 5% ársvöxtum frá 18. sept. 1944 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1945.

Nr. 5/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls** (Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn

**Skipaafgreiðslu Ólafsvíkur** (Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað  
Ragnars Ólafssonar hrl.

### Úrskurður.<sup>1)</sup>

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt, samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 og 56. gr. síðarnefndra laga, að fram fari aðiljayfirheyrsla og aðiljum gefist kostur á því að afla frekari upplýsinga um eftirtalin atriði:

I. Taka skal aðiljaskýrslu af þeim stjórnarnefndarmönnum verkalýðsfélagsins Jökuls, eða vitnaskýrslur af mönnum þeim, — ef þeir eru ekki í stjórn Jökuls —, sem önnuðust samninga við vinnuveitendur af hálfu nefnds félags 30. janúar 1943 um það, hvort rætt hafi verið sérstaklega um það við nefnda samningsgerð, hversu háttáð skyldi kaupir fyrir vinnu þá, sem greind er í b-, c- og d-lið 1. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 28. okt. 1942, og ef svo var, hvernig orð hafi fallið milli samningamanna um þessi atriði.

II. Leita skal skýrslna um það, hverjir önnuðust samninga af hálfu vinnuveitenda. Hvort það var síra Magnús Guðmundsson einn, og ef svo var, hversu háttáð var umboði hans til þess. Skal hann eða fulltrúar vinnuveitenda spurðir um þau atriði, sem greind eru í I. Ef síra Magnús var eini fulltrúinn af hálfu vinnuveitenda, skal eftir því leitað, hvaða skýringar hann hafi gefið vinnuveitendum þeim, sem undirrituðu samn-

1) Mál þetta var hafið 28. nóv. 1945.